

Menntafélagið
kt. 531202-3410
og
Kennarasamband Íslands,
kt. 501299-3329

gera með sér svohljóðandi

SAMKOMULAG

1. grein

Öll ákvæði gildandi kjarasamnings Kennarasambands Íslands og fjármálaráðherra f.h. ríkissjóðs um laun og önnur starfskjör framhaldsskólakennara skulu einnig gilda sem lágmarkskjör fyrir starfsmenn er gegna störfum á sviði kennslu, ráðgjafar og skólastjórnunar og miðast skilgreiningin við öll störf er áður voru á verksviði félagsmanna Kennarasambands Íslands við Iðnskólann í Reykjavík og Fjöltækniskóla Íslands. Ofangreint eru lágmarkskjör samkvæmt kjarasamningi og taka að lágmarki breytingum sem á honum kunna að verða gerðar.

2. grein



Um starfskjör og önnur réttindi, þ.m.t. aðild að lífeyrissjóði, ráðningu, störf og orlof fer eftir ákvæðum laga og reglugerða er um slíkt gilda á hverjum tíma fyrir framhaldsskólakennara og skulu þau vera hliðstæð því sem gildir um félagsmenn Félags framhaldsskólakennara og Félags stjórnenda í framhaldsskólum sem starfa í þjónustu ríkisins og útfærast nánar í ráðningarsamningi hvers þeirra.

Aðilum samkomulags þessa er ljóst að Menntafélagið ehf. getur ekki tekið á sig sérstakar skuldbindingar vegna eftirmannsreglu sbr. 30. gr. og 35. gr. laga um LSR.

Samningur þessi er gerður í tveimur eintökum og heldur hvor samningsaðili einu eintaki.

Gert 4. apríl 2008

F.h. Menntafélagsins ehf.

F.h. Kennarasambands Íslands

